


Nr.: EBL-012	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 2.0		
Dags: 06.02.2019		
Eig: Skólameistari	<h2>3. Undirbúningsblað starfsþróunarsamtals</h2>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Starfsþróunarsamtal er tækifæri starfsfólks til að koma skoðunum sínum á framfæri í góðu tómi með yfirmanni sínum. Því er mikilvægt að þú sért búin(n) að gera þér grein fyrir því hvað það er sem þú ert ánægð(ur) með og hvað þú telur að megi betur fara.

Tilgangur samtalsins er t.a.m. að:

- veita starfsmönnum og yfirmönnum tækifæri til að ræða saman við þægilegar aðstæður þar sem starfið, frammistaða og framtíðin er rædd
- bæta samstarfið og auka starfsánægjuna
- meta þörf á fræðslu til að nýta hæfileika starfsmanna til fulls
- fara yfir starfslýsingar
- setja niður markmið og vinna að þeim í framhaldinu

Starfsþróunarsamtal er tækifæri starfsfólks til þess að hafa áhrif á og ræða starf sitt og vinnuumhverfi. Starfsþróunarsamtal er trúnaðarmál milli þín og þess sem ræðir við þig og þið berið sameiginlega ábyrgð á því að fylgja því eftir sem ákveðið er í samtalinu.

Áður en þú ferð:

Mikilvægt er að þú sem þátttakandi í samtalinu gerir þér grein fyrir því hvað þú vilt ræða og undirbúningur er lyklatríði. Mikilvægt er að þú setjist niður og skoðir hug þinn til ýmissa hluta er varða starfið og vinnustaðinn. **Kjaramál eru ekki til umræðu í samtalinu.**

Skoðuðu eyðublað starfsþróunarsamtalsins vel og veltu fyrir þér þeim hlutum sem þar er farið yfir. Veltu einnig fyrir þér eftirfarandi spurningum: (ATH: Ekki er nauðsynlegt að ræða öll atriði sem fram koma í samtalseyðublaðinu né fylla í alla reiti þess)

Hvernig horfi ég til þeirra þátta sem snerta mig sjálfa/n, t.d. hvað varðar:

- persónulega eiginleika?
- samskipti?
- áhuga á að takast á við ný verkefni?
- sveigjanleika?
- samstarfshæfni?

Hvernig horfi ég til vinnustaðarins, starfsumhverfis og samskipta, t.d. hvað varðar:

- upplýsingamiðlun; innan vinnustaðar, varðandi starfsemi, markmið, o.þ.h.?
- skipulag og þróun?
- tengsla milli yfirmanns og undirmanna?
- tengsla milli starfsmanna almennt?
- vinnuskipulag?
- tækniþúnað og notkun hans?
- þróun starfsins / starfseminnar?
- stjórnun?

Hverju vilt þú koma á framfæri eða ræða sérstaklega?